


Ársskýrsla Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings



Velferðarþjónusta almanaksárið 2019

Skólaþjónusta skólaárið 2019-2020

Skipurit skóla- og velferðarþjónustu Árneshings



Mynd 1. Skýring: Forstöðumaður er faglegur yfirmaður starfsmanna velferðarþjónustu en starfsmenn heyra undir það sveitarfélag eða hóp sveitarfélaga þar sem þeir hafa starfsstöð. Forstöðumaður, starfsmenn skólaþjónustu og félagsráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks eru starfsmenn allra sveitarfélaganna sem aðild eiga að samningum.

Nefnd oddvita og sveitastjóra (NOS)

Byggðasamlag um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings var stofnað 24. júní 2015. Sveitarfélög sem eru aðilar að byggðasamlaginu eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus. Stjórn byggðasamlagsins (NOS) fer í umboði viðkomandi sveitarstjórna með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar. Stjórnin skipa oddvita/sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna. Í stjórn NOS sitja eftirtaldir fulltrúar:

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður
Elliði Vignisson, Sveitarfélaginu Ölfus
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi
Árni Eiríksson, Flóahreppi
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Björgvin Skapti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er skipuð sjö fulltrúum frá hverju sveitarfélagi og skipar stjórn byggðarsamlagsins (NOS) í nefndina. Nefndin fer með í umboði viðkomandi sveitarstjórna, stjórn og framkvæmd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Nefndarmenn eru sem hér segir:

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður
Ásmundur Lárusson
Valgerður Sævarsdóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Elsa Jóna Stefánsdóttir
Bjarney Vignisdóttir
Sigurður Einar Guðjónsson

Á árinu 2019 voru 5 fundir haldnir í nefndinni.

Starfsfólk

Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu:

María Kristjánsdóttir til 1. maí 2019
Ragnheiður Hergeirsdóttir frá 1. júlí 2019

Skólaþjónusta 2019-2020:

Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi
Kolbrún Sigþórsdóttir, kennsluráðgjafi (til 1. október 2019)
Kristín Arna Hauksdóttir kennsluráðgjafi í 80% frá 1. desember
Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur
Berglind Friðriksdóttir, sálfræðingur (kom úr orlofi 1. ágúst)
Ragnar Ragnarsson, sálfræðingur í 50 % til 31. október og 100% frá 1. nóvember
Aldís Þ Ólafsdóttir, sálfræðingur í 20 % til 1. maí
Anna Stefanía Vignisdóttir, talmeinafræðingur Uppsveita og Flóa í 60%
Álfhildur Þorsteinsdóttir, talmeinafræðingur Hveragerðisbæjar í 80%

Málefni fatlaðs fólks 2019:

Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi í 80%

Velferðarþjónusta 2019:

Hveragerðisbær: Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi, Erna Guðmundsdóttir forstöðumaður heimaþjónustu/Rannveig Reynisdóttir frá 1. júní. Steinunn Jónsdóttir forstöðumaður búsetukjarnans í Birkimörk.

Sveitarfélagið Ölfus: Eyrún Hafþórsdóttir, félagsráðgjafi, Sigrún Theódórsdóttir/Ásrún Jónsdóttir forstöðumaður þjónustumiðstöðvar eldri borgara, Hrönn Harðardóttir, forstöðumaður búsetukjarnans á Selvogsbraut.

Laugarás (Uppsveitir Árneshvíls og Flói): Sigurjón Árnason félagsráðgjafi, Sigrún Símonardóttir forstöðumaður heimaþjónustu.

Íbúafjöldi á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu

	2016	2017	2018	2019
Hveragerði	2463	2483	2580	2699
Ölfus	1956	2005	2110	2276
Bláskógabyggð	979	1026	1110	1163
Flóahreppur	619	648	650	687
Grímsnes- og Grafningshreppur	465	467	470	497
Hrunamannahreppur	807	773	780	818
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	594	710	609
	7810	7996	8410	8749

Tafla 1. Íbúafjöldi í aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings 2016-2019

Velferðarþjónusta Árnesþings 2019

Velferðarþjónusta Árnesþings starfar á grundvelli laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 m.s.b., barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Markmiðsgrein laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga kveður á um að með félagsþjónustu sé fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúanna tryggt og stuðlað að velferð þeirra á grundvelli samhjálpar. Markmiðum skuli náð með því:

- að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti
- að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna
- að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lífað sem eðlilegustu lífi
- að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál

Veita skal þjónustu á sviði félagslegarar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu/ félagslegrar heimþjónustu og húsnæðismála. Þá eru tilgreindar *sérstakar skyldur við ákveðna hópa*: börn og ungmenni, aldraða, fatlað fólk og þá sem eiga í fíknivanda.

Hvetja skal fólk til sjálfsábyrgðar og virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins samhliða því að styrkja hann til sjálfshjálpar.

Markmið velferðarþjónustu Árnesþings

- Markmið með velferðarþjónustu er að veita upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálpar.

- Félagsleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á styrkleika notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfhjálpar með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda skv. barnaverndarlögum sé virt.
- Stuðningsþjónusta/ félagsleg heimþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og veittur skal viðeigandi stuðningur til aldraðra svo þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili.
- Heimili fatlaðs fólks hafa hugmyndafræði um sjálfstætt líf að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir og getur bæði verið í formi almennrar og sérhæfðrar ráðgjafar.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er tvíþætt. Annars vegar að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

Ráðgjöf sem stendur til boða er:

- Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengismála
- Ráðgjöf vegna fjármála
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu
- Ráðgjöf er tengist atvinnu og endurhæfingu
- Sérhæfð ráðgjöf / þjónusta vegna fatlaðra barna

Fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf hefur ekki verið talinn sérstaklega.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt þeim er hverjum og einum skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Í lögnum er einnig kveðið á um að sveitarfélag skuli veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sem er til þess fallin að bæta úr vanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér og sínum. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings hefur sett sér sérstakar reglur um fjárhagsaðstoð sem starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu vinna eftir.

Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi fjárhagsaðstoð, svo sem lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að kr. 160.000 (2019) á mánuði og kr. 262.400- á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda,


þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Fjárhagsaðstoð skiptist í almenna framfærslu og/ eða heimildargreiðslur sbr. IV. kafla í reglum Skóla- og velferðarþjónustunnar um fjárhagsaðstoð. Undir heimildargreiðslur heyrir m.a. sérstakur stuðningur vegna barna, útfararstyrkur og styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Ákvörðun um heimildargreiðslur er tekin á föstum teymisfundum velferðarþjónustunnar. Ráðgjöf vegna fjármála er veitt þar sem þörf er fyrir hana og alltaf þegar fólk leitar eftir fjárhagslegri aðstoð.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur sveitarfélaga til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Félagsráðgjafi félagsþjónustunnar tekur við og metur umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning.

Fjöldi einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu 2019 voru alls 62, heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2019 var kr. 30.515.067 en árið 2018 var heildarupphæðin kr. 27.282.350. Tafla 2 sýnir upphæðir greiddrar fjárhagsaðstoðar árin 2017-2019 skipt eftir félagsþjónustusvæðum og mynd 2 sýnir fjölda einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2019, skipt upp eftir mánudum og félagsþjónustusvæðum.

Starfsstöð	2019	2018	2017
Laugarás	3.297.390	2.484.354	2.398.701
Hveragerði	19.832.471	17.858.974	14.220.243
Ölfus	7.385.206	6.939.022	5.817.650
Samtals á svæðinu	30.515.067	27.282.350	22.436.594

Tafla 2. Greidd fjárhagsaðstoð 2017-2019



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga (62) sem fékk greidda fjárhagsaðstoð árið 2019

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er neyðaraðstoð og einskonar öryggisnet þegar önnur úrræði eru ekki til staðar. Áhersla er lögð á að veita samhlíða öflugra ráðgjöf og stuðning til sjálfshjálpar til að viðkomandi geti sem fyrst komist í launaða vinnu, endurhæfingu eða fengið þá aðstoð sem hann kann að eiga rétt á í öðrum bótakerfum, t.d. hjá Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Flestir fá fjárhagsaðstoð í 1 – 3 mánuði og þeir sem þarfnast fjárhagsaðstoðar lengur en í 6 mánuði eiga oft við fjölþættan vanda að stríða, s.s. fíknivanda, þunglyndi og félagsfærni. Í þeim tilvikum er gott samstarf sérlega mikilvægt milli ráðgjafa og viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu því vandinn hefur í mörgum tilvikum staðið yfir lengri tíma.

Stuðningsþjónusta (félagsleg heimaþjónusta, liðveisla o.fl.)


Árið 2018 voru lög um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð. Sveitarfélögum er nú skylt skv. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar notanda miðað við aðstæður á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning vera meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónusta samkvæmt þeim lögum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Þjónusta sem veitt er á grundvelli beggja laganna skal vera samþætt í þágu notanda. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf, sbr. 3. gr. Almennt viðmið er að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustupörf fyrir fatlað fólk fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Unnið er að endurskoðun reglna Skóla- og velferðarþjónustu í samræmi við þessar lagabreytingar og munu þær væntanlega liggja fyrir við árslok 2020.

Sveitarfélögin veita þjónustu almennt á dagvinnutíma og eru flestir að fá aðstoð við þrif á heimili. Í Sveitarfélaginu Ölfusi og hjá Hveragerðisbæ er einnig veitt þjónusta um kvöld og helgar og er þá fyrst og fremst verið að veita aðstoð við persónulega umhirðu. Á árinu 2019 var veitt félagsleg heimaþjónusta á 239 heimilum. Heildarkostnaður vegna félagslegrar heimaþjónustu á árinu var kr. 129.081.253- samanborið við kr. 112.144.648 á árinu 2018.



Mynd 3. Fjöldi heimila sem fengu stuðningsþjónustu/ heimaþjónustu 2017-2019 skipt eftir félagsþjónustusvæðum

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl hefur það að markmiði að auðvelda öldruðum að búa sem lengst á eigin heimili og er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið lengur heima. Í dagdvöl er boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.


Sveitarfélagið Ölfus rekur dagdvöl fyrir 8 einstaklinga í Þjónustuhúsi eldri borgara að Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn.

Í Hveragerði rekur dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás dagdvöl fyrir 5 einstaklinga sem nefnist Bæjarás. Reksturinn er í samstarfi við Hveragerðisbæ en Ás sér um daglegan rekstur og Hveragerðisbær sér um ferðarþjónustu til og frá dagdvöl. Einnig hafa einstaklingar úr Hveragerði nýtt sér þjónustu dagdvala í Árborg samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna.

Málefni fatlaðs fólks

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita. Í 3.gr. laga nr.38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir er réttur fatlaðs fólks til þjónustu skilgreindur. Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum þessum. Þjónusta samkvæmt lögum þessum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. [26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.](#)

Lagabreytingarnar 2018 hafa töluverð áhrif á verklag og umfang verkefna félagsþjónustu sveitarfélaga í þessu sviði. Sem dæmi um nýmæli má nefna frumkvæðisskyldu sveitarfélaga, einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir, þjónustuteymi, NPA (notendastýrða persónulega aðstoð), notendasamráð og notendasamninga.



Mynd 4. Fjöldi fatlaðs fólks sem notar þjónustu 2019, skipt eftir félagsþjónustusvæðum

Stoðþjónusta

Með stoðþjónustu er átt við margháttada aðstoð við athafnir daglegs lífs og byggist m.a. á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Í 8. gr. laga nr. 38/2018 er réttur fatlaðs fólks til stoðþjónustu skilgreindur svo:

Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir:

1. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
2. Þarfir fatlaðra einstaklinga til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

3. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlífs.
4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
5. Þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

Á árinu fengu 82 fatlaðir einstaklingar stoðþjónustu á vegum Velferðarþjónustu Árnesþings. Heildartímafjöldi var 14.300 klst. og meðaltímafjöldi á mánuði var um 15 tímar á hvern einstakling.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er réttur fatlaðs fólks til *akstursþjónustu skilgreindur*. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómsunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

Búseta og hæfing

Í Árnesþingi reka sveitarfélögin tvo búsetukjarna fyrir fatlað fólk sem þarf á sólarhringsþjónustu að halda.

Heimilið að Birkimörk er staðsett í Hveragerði og búa þar 5 einstaklingar. Starfsmenn heimilisins hafa það að leiðarljósi að veita íbúunum þjónustu af virðingu og mannlegri reisn. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá í þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Heimilið að Selvogsbraut er staðsett í sveitarfélaginu Ölfusi og bjuggu í árslok 2019 5 einstaklingar. Markmið heimilisins er að skapa íbúum öruggt heimili. Íbúar njóta aðstoðar á þeim sviðum er hindranir mæta þeim og leitast er við að örva styrkleika þeirra. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og félagsleg samskipti íbúanna og að auka lífsgæði þeirra í samræmi við óskir þerra og þarfir.

Í Árnesþingi eru jafnframt starfandi sjálfstæðir rekstaraðilar sem reka heimili fyrir fatlað fólk. Þeirra stærst eru Sólheimar með allt að 43 fatlaða einstaklinga í búsetu. Þá kemur Skaftholt með 8 einstaklinga í búsetu og að lokum Breiðabólstaður með 2 einstaklinga. Á Sólheimum og Skaftholti er veitt altæk þjónusta þ.e. búseta, atvinna/hæfing og tómsundir. Þeir sem búa á Breiðabólstað í Ölfusi fara í hæfingu á Viss í Þorlákshöfn sem er vinnu- og hæfingarstöð fyrir þá sem eru með skerta starfsgetu.

Viss vinnu- og hæfingarstöð í Þorlákshöfn er rekið sem útibú frá VISS á Selfossi. Viss í Þorlákshöfn býður upp á hæfingu og vinnu fyrir 11 einstaklinga sem eru með skerta starfsgetu. Flestir sem fá þjónustu frá Viss eru með búsetu á Selvogsbraut og að Breiðabólstað. Á árinu 2018 var opnað útibú VISS á Flúðum þar sem 4 einstaklingar með skerta starfsgetu eru í hæfingu og vinnu.

Barnavernd

Sveitarfélögin hafa ríkar skyldur til að gæta hagsmuna barna og unglinga samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Það felur m.a. í sér að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og unglinga og bregðast við ef aðstæður þeirra eru ekki sem skyldi. Skýrt er kveðið á um þau réttindi og skyldur sem barnaverndarnefnd hefur þegar verið er að fjalla um barnaverndarmál, um málsmeðferðina sem fara þarf eftir og um stuðningsúrræði sem eiga að standa til boða. Félagsráðgjafar vinna að málefnum barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum og í umboði Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfn.

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Flest barnaverndarmál sem upp koma eru unnin í góðri samvinnu við foreldra og börn. Mikil áhersla er lögð á að finna sameiginlegar lausnir og leiðir og eru gerðar meðferðaráætlanir í öllum málum. Félagsþjónusta sveitarfélaga vinnur að vernd barna og ungmenna á fjölbreyttan hátt og vinnur mikilvægt forvarnastarf á sviði barnaverndar án þess að mál séu formlega barnaverndarmál.

Tilkynningar

Barnaverndarnefnd verður þó að gæta þess að skrá með kerfisbundnum hætti og varðveita allar tilkynningar, sbr. 12. gr. reglugerðar um málsmeðferð. Athuga þarf að stofna skal mál um hvert einstakt barn þannig að ef til dæmis fjallað er um málefni þriggja systkina eru það þrjú mál. Telja skal tilkynningu fyrir hvert barn og í hvert sinn sem tilkynning berst. Þegar tilkynning berst barnavernd þá skal taka ákvörðun innan 7 daga um hvort könnun skuli hafin.

Tilkynningarástæður skiptast í þrjá megin flokka: Vanræksla, ofbeldi og áhættuhegðun. *Vanræksla* gagnvart barni er skilgreind sem skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla skiptist í fjóra flokka: Líkamleg vanræksla, Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, vanræksla varðandi nám og tilfinningarleg vanræksla.

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns. Ofbeldi skiptist í þrjá flokka:

Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi, barn beitt líkamlegu ofbeldi og barn beitt kynferðislegu ofbeldi.

Áhættuhegðun barns er skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líklegt til að valda því eða öðrum skaða. Í áhættu felst að auknar


líkur séu á óæskilegri þróun þegar um áhættuhegðun barna er að ræða. Oftast er um börn eldri en 13 ár að ræða í þessum hluta. Áhættuhegðun skiptist í fimm flokka: Grunur um neyslu barna á vímuefnum, grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu, grunur um afbrot barns, grunur um að barn beiti annan einstakling ofbeldi og grunur um erfiðleika barns í skóla, skólasókn áfátt.

Heildarfjöldi tilkynninga	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Hveragerði	84	33	58	50	21	41
Laugarás	24	15	16	25	17	9
Ölfus	79	33	49	25	17	29
Samtals	187	81	123	100	55	79


Tafla 3. Heildarfjöldi barnaverndartilkynninga árið 2014 – 2019, skipt eftir félagsþjónustuvæðum.

Könnun mála

Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls sbr. 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Þannig er það ekki barnaverndarmál þó að tilkynning berist barnavernd ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki könnun. Af þeim 187 tilkynningum sem bárust árið 2019 var ákveðið að hefja könnun í máli 73 barna, þar fyrir utan voru mál barna sem tilkynnt var um en voru þegar í vinnslu. Könnun máls lýkur með greinargerð sem lögð er fyrir teymisfund barnaverndar og tekin er ákvörðun um hvort þörf sé á því að vinna að málinu áfram, hvort ástæða sé til að veita stuðning skv. barnaverndarlögum. Skal þá gerð tímasett meðferðaráætlun og er hún einnig lögð fyrir teymisfund til umræðu og afgreiðslu og undirrituð af starfsmanni og foreldrum. Ávallt skal leitast við að eiga gott samstarf við foreldra og börn þegar við á.



Mynd 5. Fjöldi tilkynninga og kannana eftir félagsþjónustuvæðum 2019 (nýjar kannanir).



Mynd 6. Fjöldi barnaverndartilkyninga á starfssvæði Velferðarþjónustunnar -samanburður 2019 og 2020

Fósturmál

Í árslok 2019 voru 8 börn í fóstri á vegum barnaverndarnefna, þar af voru 2 börn vistuð skv. 84. gr. barnaverndarlaga sem er tímabundinn vistun hjá ættingjum eða öðrum. Tvö börn voru í varanlegu fóstri og 4 börn á grundvelli 3.gr. barnaverndarlaga (18-20 ára).

Málavogin

Málavogin er verkfæri sem þróað hefur verið í Svíþjóð og aðlagð íslenskum aðstæðum undir forystu Barnaverndarstofu til að mæla vinnuálag í barnavernd. Mælingin skráir vinnuálag hjá hverjum starfsmanni fyrir sig þannig að betri yfirsýn fái stöðuna og á breytingum á ákveðnu tímabili. Ekki var framkvæmd mæling á árinu 2019 en niðurstöður mælinga maí og ágúst 2020 benda til þess að þörf sé fyrir u.þ.b. 3 stg. í barnavernd á svæðinu. 20-30 opin mál eru í vinnslu hjá hverjum starfsmanni á hverjum tíma á árinu 2020.

Samstarf vegna heimilisofbeldis

Félagsráðgjafar vinna í formlegu samstarfi við lögreglu vegna heimilisofbeldismála. Samstarfið felst í því að bakvakt barnaverndar fer með lögreglu í útköll á heimili þar sem tilkynnt er um heimilisofbeldi. Hlutverk starfsmanns er að tryggja öryggi barna sem eru á heimilinu og jafnframt að vera stuðningur við þolendur.

Skólajónusta Árneshings skólaárið 2019-2020

Skólajónusta Árneshings starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðijónustu. Skólaárið 2018-2019 voru 1.469 nemendur í leik- og grunnskólum á svæðinu.

Leikskólar

Álfaborg
Bergheimar
Krakkaborg
Leikholt
Óskaland
Undraland Flúðum
Undraland Hveragerði

Grunnskólar

Bláskógaskóli – Reykholti
Flóaskóli
Flúðaskóli
Grunnskólinn í Hveragerði
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Þjórsárskóli

Leik- og grunnskólar

Bláskógaskóli – Laugarvatni
Kerhólsskóli


Markmið Skólajónustu Árneshings

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árneshingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna, stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.


Teymisstjóri hefur umsjón með skipulagningu skólajónustunnar og stýrir vinnu hennar í samráði við yfirmann.

Verkefni sálfræðinga

Helstu verkefni sálfræðinga eru sálfræðilegar skimanir og athuganir, ráðgjöf til kennara og foreldra vegna m.a. hegðunar- og tilfinningavanda, viðtöl við nemendur, eftirfylgd sem og þverfaglegt samstarf bæði innan skólajónustunnar og við aðrar stofnanir um málefni barna í leik- og grunnskólum. Auk þess sinna sálfræðingar forvörnum og fræðslu til foreldra, starfsfólks og nemenda í formi fræðslufunda, námskeiða og viðtala. Vinnulag var aðeins breytt þetta skólaár sökum COVID-19.




Mynd 7. Tilvísanir til sálfræðinga 2019-2020, frá grunnskólum




Mynd 8. Tilvísanir til sálfræðinga 2019-2020, frá leikskólum

Hlutfall milli drengja og stúlkna í loknum greiningarmálum sálfræðinga í leikskólum er nokkuð jafnt. Þrátt fyrir að málin komi inn sem beiðni um greiningar er ekki þar með sagt að öll þau börn hafi uppfyllt viðmið fyrir formlegar klínískar greiningar. Í grunnskólum eru hlutfall drengja hærra en stúlkna. Tilvísunarástæður eru oft fleiri en ein í hverju máli og niðurstaðan ekki alltaf sú sama og tilvísunarástæða segir til um. Einnig getur fleiri en einn sérfræðingur frá skólaþjónustunni komið að hverju máli. Þverfaglegt samstarf innan skólaþjónustunnar er mikið sem eykur gæði þjónustu og ráðgjafar. Áhersla skólaþjónustunnar á snemmtæka íhlutun hefur skilað sér vel í leikskólunum þar sem gripið er fyrir inn í málin með öðrum hætti en einungis

greiningarvinnu. Í grunnskólunum hefur snemmtæk íhlutun einnig skilað góðum árangri til dæmis í formi viðtala við nemendur, foreldra og kennara, ráðgjafar og fræðslu.



Mynd 9. Hlutfall lokinna tilvísana í leikskólum eftir kyni



Mynd 10. Hlutfall lokinna tilvísana í grunnskólum eftir kyni


Verkefni talmeinafræðinga

Helstu verkefni talmeinafræðinga felast í þjálfun og greiningum á framburði og málþroska. Þá veita talmeinafræðingar ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla um málefni er varða tal og málmein barna. Talmeinafræðingar kenna á námskeiðum og fræðslufundum Skóla- og velferðarþjónustu og sinna teymisvinnu í leik- og grunnskólum.

Talmeinafræðingar sóttu sér réttindi á LOGOS lesgreiningarforrit til að eiga möguleika á að útvíkka málþroskagreiningar og fræðast meira um lestur. Endurmenntun á vordögum fór aðeins

úr skorðum vegna Covid-19 en talmeinafræðingar höfðu hug á að fara á ráðstefnu í Sheffield í apríl. Ráðstefnunni var þó streymt á netinu og var mjög fræðandi um málþroskavanda barna o.fl.

Hér að neðan má sjá skiptingu starfa talmeinafræðinga þegar litið er á þjálfun og greiningar, 130 börn fengu talþjálfun á skólaárinu og hér má sjá hlutfall greininga og þjálfunar (tímafjöldi í talþjálfun).



Mynd 11. Verkefni talmeinafræðinga 2019-2020


Kennsluráðgjöf

Verkefni kennsluráðgjafa felast meðal annars í því að stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla í Árneshlíð og samstarfi einstakra hópa í skólunum t.d. faggreinakennara. Þeir hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu.

Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf í leik- og grunnskólum vegna náms- og þroskastöðu, námsframvindu, félagsfærni og hegðunar. Þeir veita viðtöl, ráðgjöf og handleiðslu um verklag við snemmtæka íhlutun, þ.e. að bregðast fljótt við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda hjá börnum. Þá veita þeir ráðgjöf varðandi námsefni og viðeigandi kennsluumhverfi, oft í samvinnu við aðra sérfræðinga Skóla- og velferðarþjónustu.

Kennsluráðgjafar taka þátt í þverfaglegri aðkomu Skóla- og velferðarþjónustu að málefnum einstaklinga, s.s. í teymum um málefni einstaklinga og skilafundum utanaðkomandi stofnana. Alls sátu kennsluráðgjafar í 40 teymum skólaárið 2019-2020. Þá aðstoða þeir við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um og koma að úrlausn bráðamála, eftir aðstæðum og í samvinnu við þá sem málið varðar.

Kennsluráðgjafar liðsinna skólum við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla og standa fyrir öflugum tilboðum skólaþjónustu varðandi símenntun fyrir allar starfsstéttir skólanna. Einnig er samvinna og ráðgjöf til sveitarstjórna hluti starfs þeirra.



Mynd 12. Verkefni kennsluráðgjafa 2019-2020

Þróunarverkefni um samþættingu skólaþjónustu og velferðarþjónustu

Á starfsdegi Skóla- og velferðarþjónustu þann 16. október 2019 var farið af stað með þróunarverkefni um samþættingu innan þjónustunnar. Markmið verkefnisins er að efla samstarf og samvinnu innan hópsins sem þar starfar, efla samstarf við þá sem tilheyra þjónustusvæðinu og samþætta í framhaldi afmörkuð verkefni. Byrjað var á að einblína á samstarf innan Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Vinnan skiptist í nokkra þætti eins og innra skipulag, regluverkið, verkferla, skráningu, upplýsingaflæði, sérhæfingu, samþættingu, innri kynningu og fræðsluþörf. Í framhaldi var starfsfólki skipað í hópa sem skipti þáttunum á milli sín. Hver hópur hittist nokkrum sinnum yfir veturinn, þó með ákveðinn tímaramma í huga. Einnig var ákveðið að á mánaðarlegum samráðsfundum myndu fagstéttir SVÁ kynna sig og sín störf ásamt því að tilgreina hvaða framtíðarsýn viðkomandi stétt hefur fyrir sitt starf. Vegna Covid-19 faraldursins varð hlé á verkefninu frá miðjum mars og út sumarið. Frá hausti 2020 verður þráðurinn tekinn upp aftur og haldið áfram að þróa og efla starf Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Hluti af þróunarverkefninu er meðal annars að horfa á innra skipulag og upplýsingaflæði. Búið var að skipuleggja fundi með yfirstjórnnum fræðslumála í Árnesþingi með það að markmiði að heyra þeirra sjónarhorn og ábendingar inn í þróunarvinnuna. Fundirnir áttu að vera í mars, apríl og maí en vegna Covid-19 var þessum fundum frestað til haustsins.

Stóra og Litla upplestarkeppnin

Að vanda hélt Skólaþjónustan utan um skipulag Stóru upplestrarkeppninnar fyrir nemendur í 7. bekkjum í grunnskólunum í Árneshöfnum. Lokahátíðir voru haldnar á tveimur svæðum, annars vegar fyrir skólana í uppsveitum og Flóa en í því tilfalli sá Skólaþjónusta Árneshöfna eingöngu um skipulagið og hins vegar fyrir skólana í Árborg, Hveragerði og Þorlákshöfn þar sem Skólaþjónusta í Árneshöfnum og Skólaþjónusta Árborgar unnu saman að skipulagningu. Fyrri keppnin var haldin í Þjórsárskóla þriðjudaginn 3. mars og seinni keppnin var haldin 6. mars í Grunnskólanum í Hveragerði. Lesararnir stóðu sig allir með þryði.

Allir grunnskólar á svæðinu taka virkan þátt í Litlu upplestrarkeppninni með markvissum upplestraræfingum nemenda í 4. bekk. Textar eru lesnir upp bæði einstaklingslega og í kór og eru margar mjög vel undirbúnar lokahátíðir haldnar þar sem að foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að koma í skólann og fylgjast með.

Landshlutateymi

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna tekur þátt í verkefni um mótun landshlutateymis á Suðurlandi og var samstarfssamningur undirritaður í maí 2020. Þetta er tveggja ára þróunarverkefni í samræmi við Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 – 2021 sem miðar að því að styrkja grunnþjónustu í héraði. Aðilar að samningnum eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölskyldusvið Árborgar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna. Landshlutateymið byggir á þverfaglegu samstarfi þar sem fulltrúar félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu frá hverju svæði mynda samstarfsteymi með það að markmiði að stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn með sértækar þarfir og fjölskyldur þeirra. Tilgangur teymisins er einnig að auka samvinnu og samráð á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og þjónustuaðila í heimabyggð við greiningarferli, eftirfylgd, íhlutunarleiðir, ráðgjöf og skipulag fræðslu til að stuðla að sérhæfðri þekkingaruppbyggingu. Arna Ír Gunnarsdóttir félagsráðgjafi vegna fatlaðra barna og Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi eru fulltrúar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna í verkefninu.

Samstarf við skólaþjónustu á Suðurlandi

Skólaþjónusta Árborgar og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna eru nú sem áður í samstarfi vegna námskeiða og fræðslufunda. Þannig bjóðum við í Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna starfsfólki í leik- og grunnskólum í Árborg að sækja námskeið á okkar svæði og fáum oft boð að sækja námskeið í Árborg. Þá er samstarf um Stóru Upplestrarkeppnina fastur liður á þessum skólaþjónustusvæðum. Einnig er starfsfólki á svæði skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu boðið að sækja námskeið í Árneshöfnum. Stefnt er að reglulegum fundum kennsluráðgjafa þessara þriggja skólaþjónusta frá og með næsta hausti en með þeim skapast grundvöllur fyrir enn frekara og skilvirkara samráð og samstarf.

Þá voru skólaþjónusta Árborgar og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls í samstarfi um verkefni vegna fræðslufunda fyrir starfsfólk af erlendum uppruna í leikskólum og fyrir foreldra leikskólubarna af erlendum uppruna. Fundirnir voru haldnir í september 2019. Þar var fjallað um leikskólastarf á Íslandi og menntastefnu hérlendis m.a. skóla fyrir alla, um gildi leiksins, útiveru o.fl. Fundirnir fóru fram á íslensku, ensku og pólsku.

Grunnur, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum

Skólaþjónusta Árneshvíls er aðili í Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum. Haldnir eru fundir að hausti og vori þar sem starfsfólk sérfræðiþjónusta hittist auk fulltrúa Menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar er farið yfir ýmis málefni er varða skólamál auk þess sem fulltrúum gefst tækifæri til að hitta kollega og bera saman bækur sínar. Vorfundur Grunns var haldinn í fjarfundabúnaði 7. maí. Dagskrá fundarins samanstóð af framsögu frá flestum landsvæðum um þróun starfshátta í kjölfar Covid-19, umræðu um stafrænt vinnu- og námsumhverfi og aukin stafræn samskipti og fjölgun starfsþróunartækifæra á vef. Innleggið frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls nefndist „Hvað hefur reynslan kennt okkur? - Gagnreyndar aðferðir og rannsóknir í kjölfar áfalla“ Stefnt er að haustfundi Grunns sem verður með sama sniði og venjulega var fyrir faraldurinn.

Námskeið og fræðslufundir

Ein af meginstöðum í starfi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls er að hafa fjölbreytt og metnaðarfull námskeið og fræðslufundi í boði fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum á starfssvæði þjónustunnar. Skólastjórar og kennarar hafa mikið um það að segja hvaða námskeið eru haldin. Það eru ýmist sérfræðingar skólaþjónustu eða utanaðkomandi sérfræðingar sem kenna á námskeiðunum. Þá er lögð áhersla á samráðsfundi kennara á svæðinu þar sem þeir kynna verkefni og vinnubrögð og deila þekkingu sín á milli. Skólar á svæðinu geta líka óskað eftir erindum sérfræðinga skólaþjónustu á fundum eða starfsdögum. Skólaþjónustan sækir árlega um styrk til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurmenntunar félagsmanna í Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands. Styrkurinn sem skólaþjónustan fær gerir okkur kleift að fá fyrirlesara og kennara sem eru fremstir á sínu sviði og geta ávallt kynnt það nýjasta sem er á döfinni hverju sinni.

Eftirtalin námskeið og fræðslufundir voru haldnir á síðasta skólaári

Námskeið/fræðslufundur	Umsjón	Staður	Tími
Að starfa í teymiskennslu. Hvað hefur reynst best? Opið öllum.	Elsa Sif Guðmundsdóttir og Paloma Ruiz Martinez kennarar í Lindaskóla í Kópavogi	Endurmenntunardagur grunnskóla. Grunnskólinn í Þorlákshöfn	13. ágúst kl. 9:00-12:00
"Skóli án aðgreiningar – hugmyndafræði og kennsluhættir" Opið öllum.	Ásta Björk Björnsdóttir kennsluráðgjafi í Skólaþjónustu Borgarbyggðar.	Endurmenntunardagur grunnskóla. Grunnskólinn í Þorlákshöfn	13. ágúst kl. 13:00-16:00

Fræðslufundur fyrir starfsfólk af erlendum uppruna í leikskóla.	Liselot Simoen leikskólastjóri, Aneta Figlarska og Guðný I. Rúnarsdóttir frá Skólalþjónustu Árborgar, Hrafnhildur Karlsdóttir og Kolbrún Sigþórsdóttir frá Skóla- og velferðalþjónustu Árneshvíls.	Ráðhús Árborgar	5. september 14:00-16:00
Fræðslufundur fyrir foreldra sem eiga barn í leikskóla og hafa annað tungumál en íslensku.	Liselot Simoen leikskólastjóri, Aneta Figlarska og Guðný I. Rúnarsdóttir frá Skólalþjónustu Árborgar, Hrafnhildur Karlsdóttir og Kolbrún Sigþórsdóttir frá Skóla- og velferðalþjónustu Árneshvíls.	Leikskólinn Álfborg	9. september kl. 16:30-17:30
Fræðslufundur fyrir foreldra sem eiga barn í leikskóla og hafa annað tungumál en íslensku.	Liselot Simoen leikskólastjóri, Aneta Figlarska og Guðný I. Rúnarsdóttir frá Skólalþjónustu Árborgar, Hrafnhildur Karlsdóttir og Kolbrún Sigþórsdóttir frá Skóla- og velferðalþjónustu Árneshvíls.	Leikskólinn Jötunheimar	11. september kl. 16:30-17:30
Skólafærniámskeið fyrir foreldra barna sem eru að hefja nám í grunnskóla	Anna Stefanía Vignisdóttir, Álfhildur Þorsteinsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Kolbrún Sigþórsdóttir.	Kerhólsskóli, Bláskógaskóli Laugarvatni, Bláskógaskóli Reykholti, Flúðaskóli, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Grunnskólinn í Hveragerði	Námskeiðin haldin á tímabilinu 12. ágúst til 18. sept.
Erindi fyrir foreldra. Kvíði leikskólabarna og snemmtæk íhlutun.	Hugrún Vignisdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir	Fyrir foreldra barna í Bláskógaskóla Laugarvatni	30. september kl. 16:15-17:30.
Heimsókn læsisfræðinga Menntamálastofnunar. Opið öllum.	Katrín Ósk Þráinsdóttir og Guðbjörg Rut Þórisdóttir, sérfræðingar frá Menntam.stofnun.	Kerhólsskóli	2. október 13:30-15:30
Tímastjórnnum fyrir stjórnendur í leik- og grunnskólum. Opið öllum.	Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.	Leikholt, Brautarholti	7. október 13:00-16:00
Tákn með tali	Hrafnhildur Karlsdóttir	Fyrir foreldra og starfsfólk í Undralandi á Flúðum	15. október kl. 16:15-17:30

Læsisfimman. Ný leið í þróun læsis í skóla margbreytileikans. Opið öllum.	Ólöf Kristín Knappett Ásgeirsdóttir, umsjónarkennari.	Grunnskólinn í Hveragerði	23. október 13:30-15:30
Erindi um samskipti og samskiptafærni, fyrir foreldra og nemendur á miðstigi.	Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur	Fyrir forelda og nemendur í Flúðaskóla.	29. október
Stærðfræðiþrennan. Ný leið í þróun stærðfræðikennslu í skóla margbreytileikans. Opið öllum.	Ólöf Kristín Knappett Ásgeirsdóttir, umsjónarkennari.	Grunnskólinn í Hveragerði	7. nóvember 13:30-15:30
Samráðsfundur deildarstjóra í leikskólum.	Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi Skóla- og velferðarþj. Árnesþings	Pingborg	13. nóvember 13:30-15:30
Erindi um tengslavanda, fyrir starfsfólk skóla og frístundar.	Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur	Fyrir starfsfólk Grunnskólans í Þorlákshöfn	27. nóvember
Í heimi leiksins, erindi fyrir starfsfólk í leikskólum.	Hrafnhildur Karlsdóttir	Haldið í Undralandi í Hveragerði fyrir starfsfólk Undralands og Óskalands	13. janúar kl. 13:00-15:00
Erindi um tilfinningar og líðan, fyrir nemendur á unglíngastigi.	Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur	Fyrir nemendur í Flúðaskóla	17. janúar.
Heimsókn í Setrið, Sunnulækjarskóla	Hermann Örn Kristjánsson, deildarstjóri Setursins.	Setrið, Sunnulækjarskóla	28. janúar 14:00-15:30
Stærðfræði fyrir leikskóla og börn á yngsta stigi – Verkferakista. Opið öllum.	Hlín Magnúsdóttir Njarðvík, sérkennari	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	5. febrúar 14:00-15:30

Eftirfarandi námskeið féllu niður vegna Covid-19 faraldursins, en verða í námskeiðsáætlun næsta skólaárs:

- Kennsla til vaxtarhugarfars.
- Orðaforði og kennsla barna af erlendum uppruna.
- Kynning frá Menntamálastofnun á HLJÓM-2 prófinu.
- Útikennsla á Laugarvatni.

Röskun á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu vegna Covid-19 faraldurs

Nokkur röskun varð á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu vegna Covid-19 faraldursins. Sérfræðingar frestuðu öllum heimsóknum og fundum í leik- og grunnskólum og tekin var upp öflug sóttvarnaráætlun í Fljótsmörk 2 til að koma í veg fyrir smit. Fyrst var starfsfólki skipt í tvo hópa sem áttu að mæta til skiptis á skrifstofuna en svo var sérfræðingum veitt frjálst val um

að vinna á skrifstofu eða heima. Haldnir voru fjarfundir starfsfólks í skólaþjónustu þrisvar sinnum í viku og daglega í velferðarþjónustu. Einu sinni í viku funduðu allir starfsmenn. Þessir fundir voru ómetanlegir og þverfagleg vinna hélst þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Sérfræðingar forgangsröðuðu málum nemenda og fjölskyldna eftir mikilvægi eftirfylgni. Við sumar fjölskyldur var haft samband daglega, aðrar einu sinni í viku og aðra sjaldnar. Sálfræðingar höfðu samband við skólastjórnendur í leik- og grunnskólum og fylgdust vel með hvort einhverjir þyrftu aðkomu þeirra, nemendur, foreldrar eða starfsfólk. Opnaður var símatími sálfræðinga sem foreldrar og starfsfólk skólanna gátu hringt, sá sími er enn opinn. Kennsluráðgjafar héldu reglulega fjarfundi annars vegar með stjórnendum í grunnskólum og hins vegar í leikskólum. Talmeinafræðingar stofnuðu Instagram reikning sem heitir „Heimaskólinn“. Þar deildu þeir og sálfræðingar fróðleik fyrir foreldra og forráðamenn og settu þar inn hugmyndir og góð ráð til foreldra sem voru heima með börn sín í sóttkví og/eða samkomubanni þar sem skólaganga flestra barna var skert. Sem dæmi eru þar hugmyndir að skipulagi dagsins, áhersla á samveru með börnunum, dæmi um verkefni, ábendingar um góðar bækur og spil. Heimaskólinn mæltist mjög vel fyrir og hefur um 600 fylgjendur.

Sérfræðingar Skóla- og velferðarþjónustu komu aftur á skrifstofuna 4. maí eftir að fjöldatakmörkum samkomubanns var breytt. Á sama tíma var alveg fallið frá fjöldatakmörkunum í leik- og grunnskólum svo að sérfræðingar gátu þá aftur tekið upp heimsóknir í skólana.

Könnun til leik- og grunnskóla vegna Covid-19

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða útbjó og sendi út könnun fyrir starfsfólk leik og grunnskóla sem snýr að ýmsum vangaveltum í kjölfar Covid-19; áskorunum og verkefnum skólanna í breyttu fyrirkomulagi náms og starfs. Könnunin var nafnlaus og órekjanleg. Markmiðið með könnuninni var að hjálpa sérfræðingum Skóla- og velferðarþjónustu að koma enn betur til móts við börn og starfsfólk í Covid-19 faraldri og að faraldrinum yfirstöðnum. Svörun frá leikskólum var mjög góð en heldur dræmari frá grunnskólum. Meðal annars var spurt um líðan barna á meðan á samkomubanni stóð og eftir að fyrri rútína komst á, um foreldrasamvinnu, aukin rafræn samskipti, sóttvarnir, fræðslu í kjölfar Covid-19 og hvað við getum lært af þeirri reynslu sem við fengum á fordæmalausum tímum.

Helstu niðurstöður frá starfsfólki leikskóla voru þær að lang flestir máttu að líðan barnanna hafi verið svipuð og venjulega á meðan á samkomubanni stóð og að næst flestir töldu líðan barnanna hafa verið betri en áður. Margir töldu að börn með hegðunarvanda hafi notið sín betur í litlum hópi í leikskólanum. Mikið var talað um að minna áreiti og rólegra andrúmsloft hafi haft góð áhrif á þessi börn. Þá kom skýrt fram að mörg barnanna hafi saknað félaga og vana sem ekki mættu í leikskólann eða mættu aðra daga ein. Fram kom að sum börn sem voru heima allan tímann hafi þurft langan tíma til að aðlagast leikskólalífínu aftur og að vanlíðan hafi komið fram í erfiðri hegðun. Talað var um góða samvinnu við foreldra og skilning þeirra á aðstæðum. Margir nýttu sér tæknina meira eða svipað og áður, lang flestir nýttu sér tæknina í auknum mæli frá því sem áður var gert. Þá kom fram mikil ánægja með tíða leikskólastjórafundi á tímabilinu. Starfsfólk í leikskólum óskaði eftir fræðslu í áætlanagerð og viðbragðsáætlunum, um möguleika í tækni, um veirur og bakteríur, fræðslu um tilfinningar og kvíða barna um hvernig bregðast megi við þegar ógn stöðjar að, bæði varðandi starfsfólk og hvernig útskýra eigi fyrir börnunum.

Þegar starfsfólk í leikskólum var spurt um hvað hefði verið erfitt í samkomubanni kom fram að sumum þótti erfitt að halda andlegri heilsu góðri og að sumir dagar hafi verið þungir á deildinni. Fram kom að skýr upplýsingagjöf innan leikskólans og til foreldra væri afar mikilvæg á óvissutímum.

Helstu niðurstöður frá starfsfólki grunnskóla voru þær að flestir kennarar mátu líðan nemenda sinna vera svipaða eða betri en áður. 16% kennara mátu líðan nemenda sinna vera verri en áður og að nemendur sem búa við erfiðar aðstæður komu verr út úr ástandinu en þeir sem búa við öryggi. Kennarar sögðu aðlögunarhæfni nemenda hafa komið bersýnilega í ljós og magnað hvað þeir voru fljótir að tileinka sér breyttar venjur. Nemendur höfðu mikla þörf fyrir að hittast og spjalla en sumir upplifðu meiri einungrun. Kennarar mátu að breytt fyrirkomulag í Covid-19 hefði haft yfirleitt lítil áhrif á nemendur en 20% kennara mátu að félagsleg staða nemenda hefði versnað. 76% kennara sögðu námsástundun nemenda svipaða eða betri en áður en 24% kennara sögðu námsástundun hafa verið verri en áður. Margir kennarar horfa nú til þess hvernig nýta megi reynslu af fjarkennslu og hvernig skólinn geti þróað þá kennsluleið áfram. Varðandi námskeið eða fræðslufundi ætlaða starfsfólki og kennurum í grunnskólum var óskað eftir fræðslu um upplýsingamennt og fjarkennslu og margir kölluðu eftir erindi um það hvernig má takast á við kvíða, hvernig kennarar geti mætt foreldrum sem þjást af kvíða og almennt um líðan barna og fullorðinna í óvissuástandi. Fram kom ánægja með að geta vísað kennurum og foreldrum sem upplifðu kvíða og vanlíðan til sálfræðinga Skóla- og velferðarþjónustu.

Niðurstöður úr leik- og grunnskólum sýndu mikla ánægju með sterka samstöðu og góða samvinnu starfsfólks á erfiðum tímum. Einnig kom fram að nánast allir svarendur vilja halda áfram auknu hreinlæti og sóttvörnum í skólunum til að forðast smit og pestir í framtíðinni.

Starfsfólk Skóla- og velferðarþjónustu lagði sig fram um að halda eins góðri þjónustu og mögulegt væri við nemendur, foreldra, kennara og stjórnendur á þessum óvenjulegu og erfiðu tímum og sýndi einstaka útsjónarsemi og fagleg vinnubrögð í krefjandi ástandi.

Nánar um verklag Skóla- og velferðarþjónustu á Covid-19 tímum má sjá í handbók Skóla- og velferðarþjónustu á neyðartímum.

Hveragerði 22. október 2020

Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður

